

Til forseta Íslands

|                                   |             |
|-----------------------------------|-------------|
| DÓMS- OG<br>KIRKJUMÁLADÁÐI NEYTIÐ |             |
| Innk.:                            | 4 DES. 1998 |
| Málsnr.:                          | 98/20/28    |
| Bréfal.:                          | 6364        |

Reykjavík, 2. desember 1998

Með dómi Sakadóms Reykjavíkur, uppkveðnum 17. mars 1988, var Hörður Gunnarsson, kt. 080461-4379, dæmdur í fjögurra ára fangelsi fyrir brot á 164. gr. og 218. gr. alm. hgl. nr. 19/1940. 12. nóvember 1986 var Hörður dæmdur í tveggja mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir fjársvik, en með hinu fyrrgreinda afbroti rauf hann skilorðið og voru því málin tekin til meðferðar í einu lagi, sbr. 60. gr. alm. hgl.

Með dóminum frá 17. mars 1988 var Herði dæmt að greiða bætur fyrir það tíón sem hann olli stofnuninni. Hörður hefur aldrei verið krafinn um bótageiðslu af vegna þessa og er krafan nú fallin niður fyrir fyrningu. sem brot hans beindust að hluta til gegn, hefur hann hins vegar greitt bætur kr. 650.000,00, sbr. meðfylgjandi kvittun og greiðsluseðil.


Þar sem nú eru liðin rúm átta ár frá því Hörður lauk afplánun þessa dóms og þar sem hann hefur ekki gerst brotlegur við hegningarlögin eftir að hann framdi nefnd brot, en lifað reglusömu og heiðarlegu lífi, leyfi ég mér fyrir hans hönd að fara þess á leit að honum verði veitt uppreist æru sinnar samkvæmt 2. málsg. 85. gr. hegningarlaganna nr. 19/1940.

Þessari beiðni fylgir:

1. Endurrit úr dómabók Sakadóms Reykjavíkur.
2. Vottorð um að afplánun refsingar.
3. Kvittun fyrir greiðslu nefndra skaðabóta og greiðsluseðil.
4. Vottorð tveggja valinkunnra manna um hegðun Harðar síðan hann tók út refsinguna.
5. Umboð


Ef þörf er talin frekari skilríkja eða upplýsinga mun að sjálfsögðu verða leitast við að afla þeirra.

Virðingarfyllst,

  
F.h. Andra Árnasonar, hrl.,  
Ingvi Hrafn Óskarsson, lögfr.

## Yfirlýsing

Ég undirritaður, sem síðan í september árið 1989 hef haft nán kynni af Herði Gunnarssyni, kt: 080461-4379, votta hér með að framferði Harðar hefur að mínu áliti verið óaðfinnanlegt á allan hátt.



Þorsteinn Umnsteinsson

Kt: 121251-3459

Hafnarfirði 1. des.1998

Yfirlýsing:

Á undanförunum árum, frá því í september 1989, hef ég haft mikil og nán kynni af Herði Gunnarssyni kt. 0800461-4379, og gef ég honum mín bestu meðmæli. Hörður er reglusamur, ábyggilegur og traustur í alla staði. Hann á góða fjölskyldu og fallett heimili, sem hann sér fyrir af myndarskap.

  
Halldór Svavarsson

kt. 090742-4349



# FANGELSISMÁLASTOFNUN RÍKISINS

Dagsetning

Tilvísun

Andri Árnason hrl.  
Garðarstræti 17  
101 REYKJAVÍK

Fangelsismálastofnun staðfestir hér með að Hörður Gunnarsson,  
kt: 080461-4379 var í samfelldri afplánun frá 25. mars 1988 - 25. apríl 1990

Fangelsismálastofnun ríkisins, 17. nóvember 1998.

e. u.  
*Rasmiður Magnússon*

Tillaga  
til forseta Íslands  
um uppreist æru.

Hörður Gunnarsson, kt. 080461-4379, til heimilis  
að \_\_\_\_\_ hefur farið þess á leit  
að honum verði veitt uppreist æru sinnar að því er  
snertir dóm sakadóms Reykjavíkur, uppkveðinn 17.  
mars 1988, 4 ára fangelsi, fyrir brot gegn almennum  
hegningarlögum.

Með því að skilyrði þykja nú vera fyrir hendi til  
þess að verða við framangreindri beiðni, vil ég leyfa  
mér að leggja til, að yður forseti Íslands, mætti  
þóknast

að veita nefndum Herði Gunnarssyni uppreist æru  
sinnar að því er snertir framangreindan dóm, og

að rita nafn yðar undir afgreiðslu þá, sem hér með  
fylgir.

Fulltrúi  
Stjórnvalda  
Reykjavíkur  
26. febrúar 1999

*[Handwritten signature]*

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu,  
29. janúar 1999

Allravigingarfyllst,

*[Handwritten signature]*

*[Handwritten signature]*

Staðfest í ríðaríð  
25/3 1999